AUGLÝSING

um friðlýsingu Valhúsahæðar, Seltjarnarnesi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Seltjarnarness í samráði við umhverfisnefnd og skipulagsnefnd kaupstaðarins, hefur umhverfisráðherra ákveðið að friðlýsa vesturhluta Valhúsahæðar sem náttúruvætti, sbr. 26. gr. laga nr. 93/1996 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingar.

Á Valhúsahæð eru merkar minjar um hærri sjávarstöðu í lok ísaldar og minjar sem m.a. tengjast sögu hernáms í seinni heimstyrjöld. Markmið friðlýsingarinnar er einnig að tryggja aðgang að útivist með fallegu útsýni.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru sem hér segir:

Að norðan markast náttúruvættið af lóðarmörkum nærliggjandi húsa og að vestan af Valhúsabraut suður að Hæðarbraut. Mörk hins friðlýsta svæðis til austurs liggja u.þ.b. 10 m austan við Valhúsagarð. Sjá nánar á meðfylgjandi korti.

Hnit hins friðlýsta svæðis eru: (25418,42; 19055,34), (25341,34; 19025,32), (25332,28; 19021,33), (25387,32; 18888,31), (25484,58; 18846,10), (25497,91; 18851,29).

Eftirfarandi reglur gilda um náttúruvættið:

Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask er óheimilt án leyfis Náttúrverndar ríkisins.

Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd.

Vernda skal gróður sem einkennt hefur Valhúsahæð.

Hvers konar losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil.

Varðveita skal sögu- og fornminjar á svæðinu.

Svæðið er eingöngu opið gangandi fólki og skal það gæta góðrar umgengni.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 93/1996 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytinu, 5. febrúar 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Sigurður Á. Þráinsson.

Fylgiskjal.


HNITASKRÁ
PUNKTUR Nr. | X-HNIT m | Y-HNIT m
1 | 25418.42 | 19055.34
2 | 25341.34 | 19025.32
3 | 25332.28 | 19021.33
4 | 25387.32 | 18888.31
5 | 25484.58 | 18846.10
6 | 25497.91 | 18851.29
REIKNAÐ Í HNITAKERFI REYKJAVÍKUR FRÁ 1951
GÖNGUSTÍGUR
VESTURSTRÖND 20
VALHÚSABRAUT 10.75 M
X=25500
Y=19000
X=25400
VALHÚSAGARÐUR
FRIÐLÝST SVÆÐI
17027 M²
LANDAMERKJA-HELLA
Y=18900
HÆÐAR-BRAUT
MÆLIKVARÐI: 1:1500
-10 0 10 20 30 40 50
SKÝRINGAR
Nr.
MÖRK FRIÐLÝSTS SVÆÐIS
90° HORN
SELTJARNARNES
FRIÐLÝST SVÆÐI Í VESTANVERÐRI VALHÚSAHÆÐ
HNIT H/F VERKFRÆÐISTOFA
HÁALEITISBRAUT 58-60, REYKJAVÍK
18.10.96 TEIKNING NR. 11-0/L-67